



Fundargerð

405. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 9. febrúar 2017. Þetta er 2. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista boðar forföll og í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir 1.
varaður Z-lista.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri og oddviti sátu kynningarfund á Selfossi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna bókunar í nýjum kjarasamningum kennara sem miðar að því að vinna aðgerðaáætlun í þeim tilgangi að bæta starfsumhverfi kennara og skólastarf. Góð mæting var á íbúafundinn sem haldinn var 16. janúar sl. þar sem m.a. voru kynnt drög að menntastefnu sveitarfélagsins ásamt þarfa- og kostnaðargreiningu skólahúsnaðisins. Útbúin var rafræn könnun um valkostि þarfagreiningarinnar sem verður opin til 15. febrúar nk. en einnig verður tekið við skriflegum athugasemendum. Símafundur var haldinn vegna sameiningarviðræðna Skaftárhrepps, sveitarfélagsins Hornafjarðar og Djúpavogshrepps þar sem farið var yfir skipulag vinnunnar sem er framundan. Rafræn könnun er nú opin á vef sveitarfélagsins í tengslum við sameiningarviðræðurnar og vorumst við til að sem flestir taki þátt. Könnunina er einnig hægt að fá útprentaða á skrifstofu sveitarfélagsins. Sveitarstjóri átti fund á Hvolsvelli um samstarf skipulags- og byggingarfulltrúa og eru minnispunktar frá fundinum til kynningar. Umsókn fyrir hönd Skaftárhrepps í Island ljóstengt var skilað inn 1. febrúar sl. og voru styrkúthlutanir kynntar 3. febrúar. Skipulagsnefnd er að undirbúa Skipulagsdag þann 18. mars nk. Nú eru í gangi heilsudagar í Skaftárhreppi sem er frábært framtak á vegum fræðslunefndar sem hlaut styrk úr verkefnasjóði Skaftárhrepps til framtíðar.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1701011 Beiðni um styrk vegna vísinda- og rannsóknasjóðs Suðurlands. Fræðslunetið. dags. 03.01.2017.

Sveitarstjórn þakkar erindið. Sveitarstjórn samþykkir veita 25.000 kr. framlag til Vísinda- og rannsóknasjóðs Suðurlands í þrjú ár. Tekið af lið 2140-9191.

2. 1701014 Tilnefning fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni grunnskólans vegna bókunar 1 í kjarasamningi KÍ og FG 2016.

Sveitarstjórn tilnefnir formann fræðslunefndar Auðbjörgu Bjarnadóttur og Evu Björk Harðardóttur oddvita í samstarfsnefndina. Kennrarar hafa tilnefnt Karitas Kristjánsdóttur, Sigurð P. Magnússon og Katrín Gunnarsdóttir fyrir sína hönd. Fulltrúar kennara í samstarfsnefnd fá greitt fyrir fundarsetu.

3. 1702002 Drög að reglum um heimsendingu matar
Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

4. 1702003 Drög að reglum um sérstakan húsnæðissstuðning



Skaftárhreppur

Lögð fram drög að reglum um sérstakan húsnaðisstuðning með viðbót félagsmálanefndar við 9. gr. að sérstakur húsnaðisstuðningur fyrir 15-17 ára verði 60% af leigufjárhæð þó eigi hærri en 25 þúsund á mánuði. Félagsmálanefnd gerir einnig svohljóðandi viðbót við 23. gr. um að reglurnar verði endurskoðaðar að liðnu ári. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti með viðbótum félagsmálanefndar ásamt því að félagsþjónustan sjái um alla umsýslu og afgreiðslu þeirra skv. fyrrgreindum reglum.

5. 1702004 Umsókn um styrk 1 blár strengur. Háskólinn á Akureyri. nóvember 2016
Sveitarstjórn þakkar erindið. Sveitarstjórn getur ekki stutt við verkefnið að þessu sinni.

6. 1606015 Ísland ljóstengt

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar niðurstöðu úthlutunar til sveitarfélagsins úr fjarskiptasjóði vegna verkefnisins Ísland ljóstengt. Sveitarstjórn biggur styrk að upphæð 9.075.000,- og felur sveitarstjóra að tilkynna um það til fjarskiptasjóðs fyrir tilskilinn frest.

7. 1702008 Iðjuvellar 6 – umsókn um lóð. Jón Hrafni Karlsson. dags. 05.02.2017

Sverrir lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi.

Borist hefur umsókn frá Jóni Hrafni Karlssyni um lóðina á Iðjuvöllum 6 fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að lóðarleigusamningur verði gerður vegna lóðarinnar í samræmi við skipulag og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd Skaftárhrepps með fyrirvara um samþykki allra landeigenda.

Sverrir kemur aftur til fundarins.

Fundarhlé 13:50 – 14:45 tekið vegna vígslu á klifurvegg í íþróttamiðstöð. Sveitarstjórn þakkar hlutaðeigandi aðilum fyrir ánægjulegt frumkvæði og framtak.

8. 1603022 Skaftárhreppur til framtíðar

Gagnkvæmir samningar Skaftárhrepps, Byggðastofnunar, SASS og Kirkjubæjarstofu um verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar rennur út í lok árs 2017. Samkvæmt verkefnalyssingu frá Byggðastofnum er tímaramma verkefnisins skipt í fjóra áfanga. Í október 2016 færðist verkefnið í þriðja áfanga. Helstu markmið verkefnisins er að vinna að skilaboðum íbúapings sem halddið var haustið 2013 en þar var mikil áhersla lögð á þrifosun rafmagns, fjarskipti, húsnaðismál ásamt fleiri verkefni. Í framtíðarsýn til 2020 er sett fram skýr aðgerðaáætlun verkefnisins. Í ljósi þess hversu hægt verkefnið fór af stað í upphafi og þar sem þessum verkefnum er hvergi nærrí lokið telur sveitarstjórn Skaftárhrepps nauðsynlegt að tryggja framgöngu verkefnisins með framlengingu á ráðningu verkefnistjóra til loka árs 2020. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir áframhaldandi stuðningi og samstarfi um verkefnið.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1607017 71. fundargerð menningarmálanefndar. 24.10.2016. Fundargerð samþykkt.
2. 1607017 72. fundargerð menningarmálanefndar. 03.11.2016. Fundargerð samþykkt.
3. 1607017 73. fundargerð menningarmálanefndar. 30.01.2017. Fundargerð samþykkt.
4. 1702010 124. fundargerð skipulagsnefndar. 07.02.2017.

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi og víkur af fundi. Felur sveitarstjóra fundarstjórn.

Skipulagsmál:

1. Efri-Vík - aðalskipulagsbreyting



Lögð er fram umsögn Skipulagsstofnunnar vegna aðalskipulagsbreytingar dags. 12. janúar 2017. Gerðar voru athugasemdir í nokkrum liðum. Ekki var gerð athugasemd við auglýsingu tillögunnar þegar tekið hafi verið tillit til þessara athugasemda eða að öðrum kosti yrði umsögn skipulagsstofnunnar birt samhliða auglýsingu hennar. Helstu athugasemdir skipulagsstofnunnar voru eftirfarandi:

- *Skipulagsstofnun bendir á möguleika á stórum íbúðalóðum fyrir smábýli (ib6) innan aðalskipulags sem hefur verið til staðar síðan 2011. Þar hefur ekkert verið byggt og því er ekki að sjá að þörf sé á nýju svæði fyrir þann búsetukost.*

Athugasemd svarað innan kafla 2 – Aðdragandi og markmið í greinargerð skipulagsins. Skipulagsnefnd telur ekki að svæði ÍB6 svari því að vera betri möguleiki fyrir slíkan búsetukost þótt svo að svæðið hafi verið innan aðalskipulags sveitarfélagsins síðan 2011. Viðkomandi svæði stendur á bökkum Skaftár til austurs og stendur opið fyrir sandfoki úr farvegi árinnar og frá Stjórnarsandi. Engar fyrirspurnir hafa komið vegna svæðisins og enginn áhugi virðist vera uppi um uppbyggingu innan þess. Að mati nefnarinnar er það ekki vegna þess að þörf á nýjum lóðum og svæðum fyrir íbúðarhúsnæði sé ekki fyrir hendi heldur einfaldlega vegna staðsetningar svæðisins. Nefndin mælist til þess að viðkomandi svæði ÍB6 verði tekið til skoðunnar við endurskoðun aðalskipulags.

- *Stofnunin telur að sveitarstjórn þurfi að rökstýðja betur þörfina á stórum íbúðarlóðum og samræmi fyrirhugaðs íbúðarsvæðis við markmið 2.1 í landsskipulagsstefnu um sjálfbæra byggð í dreifbýli og að skipulagsgerð sveitarfélaganna miðið að því að styðja skuli og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Tillagan ekki talin í anda landsskipulagsstefnu um að styrkja staðbundna landnýtingu sem fyrir er, þar sem hér sé verið að móta nýja stefnu um heimildir til byggingar íbúðarhúsa án tengsla við búskap á landbúnaðarsvæðum bújarða, sem einnig er í andstöðu við ákvæði landsskipulagsstefnu um að beina vexti að kjarna sveitarfélagsins.*

Athugasemd svarað innan kafla – 2 aðdragandi og markmið og 3.4 Landsskipulagsstefna í greinargerð . Nefndin telur að þróun þéttbýlis á Kirkjubæjklaustri muni að öllu óbreyttu þróast til suðurs. Erfitt hefur reynst að fá heimild landeigenda lands undir Skaftárvallahverfi fyrir uppbyggingu á grundvelli þess skipulags sem í gildi er á því svæði. Uppbygging í Efri-Vík og uppbygging að Tungu í samræmi við skipulagsbreytingar þess efnis gefi til kynna að þróun íbúðabyggðar og uppbygging þéttbýlis verði í þá átt á komandi árum. Tekið skal fram að það land sem verið er að breyta í íbúðabyggð hefur ekki verið nýtt til landbúnaðar í rúm 30 ár. Innan jarðarinnar hefur hinsvegar verði starfrækt ferðaþjónusta í rúm 40 ár og eru í dag um 33 ársverk í Efri-Vík og má reikna með að þau verði um 53 eftir fyrirhugaða stækkun hótelsins. Svæðið er eingöngu í 2 km fjarlægð frá þéttbýlismörkum Kirkjubæjklaustur í mjög góðum samgöngutengslum með malbikuðum vegi. Nefndin telur því að tillagan þjóni mjög vel anda landsskipulagsstefnu um að styrkja þá staðbundnu landnýtingu sem fyrir er á svæðinu sem er verslun og þjónusta í tengslum við rekstur hótels og svæðinu. Íbúðabyggð í grennd við hótel rekstur og þéttbýlið á Klaustri styrkir mjög þá staðbundnu landnýtingu sem innan svæðisins er. Nefndin telur að viðkomandi uppbygging eigi eftir að styrkja frekar byggðarkjarnar á Kirkjubæjklaustri þar sem íbúar innan svæðisins munu nýta sé alla helstu þjónustu núverandi þéttbýlis.



- *Skyra þarf hvað átt er við með orðalaginu „þar sem aðstæður leyfa“ í umfjöllun um ferðapjónustu á bújörðum sem eru 15 ha eða stærri á bls. 11 í tillögunni og rökstyðja þá stefnubreytingu.*

Nefndin reiknar með að Skipulagsstofnun sé hér að vísa til þeirrar stefnubreytingar að heimila byggingar fyrir annan atvinnurekstur en landbúnað án aðalskipulagsbreytingar. Ákvæði þetta eru sambærileg við skilmála innan aðalskipulags Rangárþings Eystra. Tilgangur breytingarinnar er að skapa aukin atvinnutækifæri samhliða búrekstri innan Skaftárhrepps. Óheimilt er að hætta búrekstri og nýta bújörð eingöngu undir annan atvinnurekstur án aðalskipulagsbreytingar. Með orðalaginu „þar sem aðstæður leyfa“ telur nefndin að hægt sé að grípa inn í skipulagsáætlanir eða framkvæmdir þar sem aðstæður leyfa ekki uppbyggingu á slíkum rekstri að einverjum ástæðum t.d. vegna umhverfisáhrifa eða óhóflegrar skerðingar á landbúnaðarlandi.

Að öðru leyti vísar nefndin til greinargerðar skipulagstillögunnar og telur að búið sé að bregðast við þeim athugasemdum sem koma fram í bréfi Skipulagsstofnunnar frá 12. Janúar 2017.

*Nefndin mælist til þess að tillagan verði auglýst í samræmi við 31.gr.skipulagsлага nr.123/2010. Athugasemdir skipulagsstofnunnar skulu fylgja auglýsingu skipulagsins. Jafnframt mælist nefndin til þess að deiliskipulag Efri-Víkur samþykkt í skipulagsnefnd þann 18.október 2016 verði auglýst samhliða auglýsingu.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2. Vegagerðin – Framkvæmdaleyfi

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Kúðafljótsnámu. Alls er áætlað að taka um 18.000 m³ af efni úr námunni sem ætlað er í yfirlagnir á vegum í námunda við hana.

Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku úr námu N4 Kúðarfjótsbakki skilgreind í aðalskipulagi Skaftárhrepps með fyrirvara um samþykki landeiganda.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Efri-Vík – Stofnun lóðar.

Hörður Davíðsson sækir um stofnun lóðar á grundvelli skipulags í vinnslu.

*Nefndin gerir ekki athugasemd stofnun viðkomandi lóðar á grundvelli deiliskipulags sem samþykkt var til auglýsingar í október 2016 með fyrirvara um gildistöku skipulagsins.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

4. Hrífunes – Frístundabyggð

Sigurður Garðarsson sækir um leyfi fyrir byggingu fjögurra frístundahúsa á lóðunum Stórustorfu 1, 2, 3 og 5 í Hrífunesi. Umsóknin er ekki í fullkomnu samræmi við skipulagsskilmála svæðisins og er því tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis með fyrirvara um að önnur þakgerð húsanna verði grenndarkynnt á svæðinu.



Skaftárhreppur

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. Iðjuvellir 3 – Lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lögð er fram lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna lóðar Iðjuvalla 3. Í breytingunni felst stækken á svæði V-6 í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri. Fyrirhugað er að breyta húsnæðinu í hótel.

Samþykkt til auglýsingar í samræmi við 30.gr. skipulagsлага nr.123/2010.

Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málínus.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1604031 40. fundargerð félagsmálanefndar. 30.01.2017. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1607005 Afgreiðsla umsókna um styrki Orkusjóðs 2016. Orkusjóður. dags. 05.01.2016.

Kynnt.

2. 1612015 Minnispunktar frá fundi um mögulegt samstarf um Skipulags- og byggingarmál í Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. dags. 18.01.2017.

Kynnt.

3. 1701010 Skráning menningarminja. Minjastofnun Íslands. dags. 10.01.2017. *Kynnt.*

4. 1701017 drög að reglum um eldvarnir og eldvarnareftirlit. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður 9. mars 2017

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15:38

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Sverrir Gíslason

Bjarki Guðnason

Jóna Björk Jónsdóttir